

**Framkvæmdanefnd um einkavæðingu
Forsætisráðuneytinu
Við Lækjartorg
150 REYKJAVÍK**

Með 1. gr. laga nr. 70/2001, um breytingu á 2. mgr. 6. gr. laga nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, heimilaði Alþingi sölu hlutafjár ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. Í framhaldi af því voru 20% af hlutafé Landsbankans í eigu ríkissjóðs seld með almennu útboði 14. júní síðastliðinn. Í viðtölum við fjölmiðla að undanförunu hafa bæði forsætisráðherra og viðskiptaráðherra lýst því yfir að ákveðið hafi verið að fá öflugan kjölfestufjárfesti að Landsbanka Íslands hf. Þá liggur fyrir að Framkvæmdanefnd um einkavæðingu samdi við HSBC Investment Bank plc um sölu á 33% til 51% hlut ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf.

Með vísan til alls ofangreinds lýsum við undirritaðir, Björgólfur Thor Björgólfsson, kt. 190367-3479, Magnús Þorsteinsson, kt. 061261-6409, og Björgólfur Guðmundsson, kt. 020141-7199, fyrir hönd óstofnaðs eignarhaldsfélags okkar, sem kjölfestufjárfestis í Landsbanka Íslands hf., í bréfi þessu nefnt kjölfestufjárfestir, yfir vilja til að kaupa af viðskiptaráðherra f.h. íslenska ríkisins, kt. 700269-7369, í bréfi þessu nefnt seljandi, að minnsta kosti 33,3% af hlutafé Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, eða hlutafé að nafnvirði kr. 2.279.619.306.

Eftir almennt útboð sem fram fór á 20% hlut seljanda í Landsbanka Íslands hf. á dögnum er eignaraðild í bankanum orðin mjög dreifð. Ríkissjóður er ekki lengur með meirihluta í bankanum. Það er mat kjölfestufjárfestis að nauðsyn sé á einum stórum kjölfestufjárfesti að bankanum, sem hefur alþjóðlega þekkingu og reynslu á sviði banka- og fjármálastarfsemi. Kjölfestufjárfestir hefur aflað sér mikillar reynslu í viðskiptum, bæði í gegnum uppbyggingu á bjórverksmiðjunni Bravo í Rússlandi og með því að vera leiðandi aðili í samruna Pharmaco hf. við búlgarska lyfjarisanum Balkanpharma. Í tengslum við áðurgreinda starfsemi sína hefur kjölfestufjárfestir staðist áreiðanleikakönnun hjá International Finance Corporation, sem er hluti Alþjóðbankans í Washington DC., Deutsche Bank, European Bank of Research and Development (EBRD), Capital Research & Management sem er stærsta sjóðastýringarfyrtæki heims og verðbréfafyrtækið Merrill Lynch. Kjölfestufjárfestir hefur því góð tengsl við hið alþjóðlega fjármálakerfi.

Kjölfestufjárfestir telur að með reynslu sinni og samböndum erlendis geti hann styrkt Landsbanka Íslands hf. í útrás sinni þannig að bankinn hafi aðgang að áhugaverðum erlendum verkefnum. Í gegnum slík tengsl myndast reynsla og þekking innan íslenska bankakerfisins sem er nauðsynleg til að stuðla að áframhaldandi framþróun þess. Tekjur bankans myndu aukast og eigið fé hans vaxa og þannig leggja grunn að betri fjármögnunarkjörum í framtíðinni. Slíkt myndi skila sér til viðskiptavina í formi lægri fjármögnunarkostnaðar og þannig auka samkeppni í íslensku bankakerfi öllum til góða. Einnig er lágur fjármögnunarkostnaður forsenda þess að íslensk fyrirtæki séu samkeppnisfær við erlend fyrirtæki.

Með vísan til alls framanritaðs telur kjölfestufjárfestir að hann sé álitlegur kostur fyrir seljanda sem kaupandi að stórum hlut í Landsbanka Íslands hf.

Með bréfi þessu er óskað eftir viðræðum um kaupin, sem meðal annars verða byggðar á eftirtöldum forsendum kjölfestufjárfestis:

1. Að sölugengi hlutabréfanna verði ákveðið með hliðsjón af því verði sem var í almennu útboði á 20% hlut seljanda í Landsbanka Íslands hf. og fram fór 14. júní síðastliðinn.
2. Að kjölfestufjárfestir megi greiða kaupverðið að mestum hluta í bandaríkjadollurum (US\$) og verði miðað við sölugengi Seðlabanka Íslands 14. júní 2002.
3. Að kjölfestufjárfestir fái kauprétt að 10% af heildarhlutafé Landsbanka Íslands hf., sem verður í eigu seljanda eftir að kaup þessi eru um garð gengin. Kauprétturinn skal gilda í 24 mánuði frá undirritun kaupsamnings. Kjölfestufjárfestir skal geta nýtt sér kaupréttinn að hluta eða að öllu leyti hvenær sem er á 24 mánaða tímabilinu. Kaupgengi þess hlutafjár skal taka mið af umsömdu sölugengi hlutabréfanna, sbr. 1. tl. að viðbættum 15% vöxtum p.a.
4. Að seljandi skuldbindi sig til þess að selja ekki eftirstöðvar hlutafjár nema að höfðu samráði við og með samþykki kjölfestufjárfestis í 24 mánuði eftir undirritun kaupsamnings.
5. Að seljandi muni hafa samráð við kjölfestufjárfesti við stjórnarkjör í Landsbanka Íslands hf.
6. Að seljandi ábyrgist að Landsbanki Íslands hf. hafi ekki tekið lán, sem hafa að geyma ákvæði um gjaldfellingu við sölu á svo stórum eignarhlut seljanda í bankanum.
7. Að seljandi ábyrgist að honum sé ekki kunnugt um nokkur þau atriði eða atvik, sem haft geta veruleg áhrif á verðmat hlutabréfanna og ekki hafi komið fram opinberlega. Jafnframt skuldbindi seljandi sig til að beita sér fyrir að ekki verði greiddur út arður, að ekki verði gefin út jöfnunarhlutabréf, að ekki verði um að ræða verulegar eftirgjafir skuldbindinga eða nokkuð annað sem flokkast geti undir óeðlilegar ráðstafanir við rekstur bankans, fram að afhendingardegi hlutabréfanna, sbr. 10. tl. hér á eftir.
8. Að seljandi tryggi að ekki verði verulegar breytingar á starfsmannahaldi meðal lykilstarfsmanna bankans.
9. Að seljandi ábyrgist að ekki sé um eftirlaunaskuldbindingar að ræða frá því að Landsbanka Íslands hf. var breytt í hlutafélag aðrar en koma fram í ársreikningi.
10. Að kjölfestufjárfestir hafi tækifæri til, með áreiðanleikakönnun, að staðreyna þá fyrirvara sem hann hefur sett fram fyrir kaupunum og þær fullyrðingar sem fram komi í sölulýsingu í tengslum við sölu á 20% hlut í almennu útboði 14. júní 2002. Í tengslum við áreiðanleikakönnun kjölfestufjárfestis skal seljandi veita honum aðgengi að öllum lykilstarfsmönnum bankans, auk endurskoðenda, lögmanna og annarra ráðgjafa.
11. Að kaupverð verði greitt að fullu eigi síðar en 21 degi eftir að afstaða Fjármálaeftirlitsins, samkvæmt 8. mgr. 10. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði, liggur fyrir enda verði áreiðanleikakönnun kjölfestufjárfestis, sbr. 10. tl., að fullu lokið.


12. Að formlegur afhendingardagur hlutabréfanna verði við greiðslu kaupverðs samkvæmt 11. tl. Öll réttindi og skyldur sem fylgja hinum seldu hlutum, s.s. réttur til arðs, forgangsréttur að nýju hlutafé, jöfnunarhlutir, áskrift að nýjum hlutum, útborgun til lækkunar hlutafjár og atkvæðisréttur skal flytjast til kjölfestufjórðingis við greiðslu kaupverðs samkvæmt 11. tl.
13. Að Fjármálaeftirlitið telji kjölfestufjórðingis hæfan til að eiga svo stóran hlut í Landsbanka Íslands hf., sbr. áðurnefnd 8. mgr. 10. gr. laga nr. 113/1996.

Ef seljandi telur sér unnt að ganga til viðræðna við kjölfestufjórðingis um kaup á grundvelli ofangreindra forsendna er þess óskað að seljandi áriti bréf þetta um samþykki sitt. Kjölfestufjórðingis lítur svo á að í áritun seljanda á bréf þetta felist ekki endanlegt samþykki seljanda fyrir öllum ofangreindum forsendum, heldur samþykki fyrir því að ganga til viðræðna við kjölfestufjórðingis um ofangreindar forsendur.


Kjölfestufjórðingis óskar eftir því að farið verði með efni bréfs þessa sem algjört trúnaðarmál og að aðilar standi sameiginlega að öllum fréttatilkynningum og upplýsingamiðlun vegna alls málsins.


Reykjavík, 27. júní 2002

Kjölfestufjórðingis


Björgólfur Thor Björgólfsson

F.h. Magnúsar Þorsteinssonar e.u.


Þórunn Guðmundsdóttir hrl.


Björgólfur Guðmundsson

Samþykki seljanda: